

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS OG BÚSTAÐA

Ár 2018, mánudaginn 19. mars 2018, kl. 16:00 var haldinn 166. fundur hverfisráðs Háaleitis og Bústaða. Fundurinn var haldinn í þjónustumiðstöðinni Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir formaður, Kristín Erna Arnardóttir, Sigurður Eggertsson, Hjalti Sigurðarson (fyrir Elinóru I. Sigurðardóttur) og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir frá Íbúasamtökum Háaleitis, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvarinnar og Helga Margrét Guðmundsdóttir verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram til kynningar bréf frá umhverfis- og skipulagssviði, dags.6. mars 2018, um breytingar á deiliskipulagi Grensásvegi 12-14.
2. Lagt fram erindi frá íbúum við Hæðargarð, dags. 1. mars 2018, þar sem óskað er eftir aðgerðum og hugmyndum hverfisráðsins um hvaða skref hægt er að taka til að gera götuna öruggari.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Framkvæmastjóra er falið að rifja upp fyrri samskipti við umhverfis- og skipulagssvið vegna umferðarhraða í Hæðargarði og að óska eftir nýrri hraðamælingu í götunni.

3. Fram fer umræða um fyrirhugaða heimsókn borgarstjóra í hverfið 22. mars og jafnframt um íbúafund sem haldinn verður að kvöldi sama dags í Breiðagerðisskóla.
4. Fram fer umræða um tillögu að nýrri strætóleið þvert á þrjú hverfi, Laugardal, Háaleiti og Hlíðar, sbr. 1. lið fundargerðar ráðsins frá 15. janúar sl. Samþykkt að leggja til að formenn ráðanna þriggja kynni tillöguna fyrir Strætó bs.
- Kl. 17:00 Kristín Erna Arnardóttir vísar af fundi.
5. Lögð fram ósk samtakahóps um styrk til hátíðahalda á sumardaginn fyrsta í Bústaða og Fossvogshverfi. Samþykkt að veita hópnum styrk að fjárhæð kr. 50.000.
6. Fram fer umræða um hugmyndasöfnun í verkefninu Hverfið mitt stendur yfir til 20. mars.
7. Fram fer umræða um Skeifuna og hugmynd um tiltektar- og samstöðudag þar.
8. Fram fer umræða um heilsueflandi hverfi og fundarefni Austurbæjarslaufunnar um geðrækt s.l. föstudag.
9. Fram fer umræða um framtíð íþróttastarfs í hverfinu, loftmengun og umferðaröryggi barna.

Fundi slitið kl. 17:50

Dóra Magnúsdóttir

Kristín Erna Arnardóttir
Hjalti Sigurðarson

Sigurður Eggertsson